



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumar 2020 vegna COVID-19

Dags: 29. júní 2020

Málsnúmer: 202006457/-

Málsmeðferð: Til kynningar

Starfsmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Félags- og barnamálaráðherra sendi sveitarfélögum landsins bréf 23. júní sl. þar sem kynnt var aðgerðaráætlun stjórnvalda. Markmiðið er að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar COVID-19 og veita á styrk að upphæð 50 milljónum króna til verkefnisins á landsvísu. Viðmið sem notuð verða til úthlutunar byggja á mati Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjölda fatlaðs fólks 18 ára og eldra í hverju sveitarfélagi.

Megin áhersla verkefnisins er að efla félagsstarf fatlaðs fólks 18 ára og eldra, umfram hefðbundið starf með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í sjö vikur frá 6. júní til 31. ágúst 2020.

Helstu þættir starfsins eru:

1. Heilsuefning, Boccia, Cricket Frisby og Súmba í sundlaug.
2. Samvera-kaffihús
3. Sumarhátíð, tónlistarviðburðir, dans og grill.

Ráðinn verði viðburðarstjóri sem heldur utan um verkefnið sem verður í samvinnu við starfsmenn fjölskyldusviðs á skrifstofu, í búsetu, auk starfsmenn Skálatúns.

Áætlaður kostnaður:

Viðburðarstjóri, laun, akstur og aðstaða	500.000
Búanaður, Boccia, Cricket, Frisby	300.000
Leiga á Hlégarði:	
Starfsmaður frá 19-24	38.440
Tæknimaður frá 19-24	40.300
Þrif á sal	35.000
Músík og uppistand	800.000
Leiga á sundlaug-kennsla	500.000
Samvera og kaffihús-skemmtiatriði	250.000
Annað, óútfært	550.000
Alls áætlað	3.013.740

Gildi Mosfellsbæjar umhyggja, virðing, jákvæðni og framsækni verða einkunnarorð starfsins.

Þar sem skila þarf inn umsókn fyrir kl. 12:00 30. júní verður umsókn í samræmi við fyrrgreint send til ráðuneytisins í nafni Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir